

Egilsstaðaskóli



## ÚRBÓTAÁÆTLUN 2015 – 2016

Úrbótaáætlunin er endurskoðuð a.m.k. tvisvar á ári ( í des/jan og í apríl/maí) í ljósi sjálfsmats skólans og þess hvernig úrbætur hafa náð fram að ganga.

<i>Verkefni:</i>	<i>Markmið:</i>	<i>Leiðir:</i>
<b>1. Starfsánægja almenns starfsfólks er marktækt undir landsmeðaltali.</b>	<p>Að auka starfsánægju starfsfólks.</p> <p>Að starfsánægja almenns starfsfólks sé áþekk starfsánægju kennara.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fara þarf sérstaklega yfir starfsaðstæður annars starfsfólks en kennara. Skoða þarf þætti eins og upplýsingagjöf, möguleika til jákvæðra samskipta, samráðstíma, matar- og kaffitíma (stjórnendur)</li> <li>• Mikilvægt er að haldnir séu reglulega samráðsfundir almenns starfsfólks og ritaðar fundargerðir (stjórnendur – verkaskipting)</li> <li>• Sérstakir gæslufundir þar sem bæði almennir starfsmenn og kennarar funda saman (stjórnendur)</li> <li>• Almennt starfsfólk taki að sér ákveðin verkefni undir leiðsögn kennara, s.s. lestur, umbun með nemendum (Stigsstjórar)</li> <li>• Almennt starfsfólk fari tvisvar á ári í starfsmannaviðtöl.</li> </ul>

		Einstaklingsviðtöl í des-jan. (skólastjóri) og hefðbundin viðtöl í mars
<p><b>2. Of margir foreldra telja aga of lítinn í skólanum. Kennarar á yngsta og miðstigi telja sig ekki hafa nægilega góðan stuðning vegna hegðunarörðugleika nemenda.</b></p>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1) Kennarar fá nægan stuðning vegna hegðunarörðugleika nemenda.</li> <li>2) 90% foreldra telja agann í skólanum hæfilegan.</li> <li>3) Að efla samstarf við foreldra um íhlutun vegna hegðunarmála.</li> </ol>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mikilvægt er að mönnun sé ásættanleg í gæslu sem og stuðningur í bekkjum. Sérstaklega er bent á þörf á þessu á yngsta stigi og miðstigi. (stjórnendur)</li> <li>• Áhersla á snemmtæka íhlutun varðandi hegðunarmál og samstarf við foreldra (stjórnendur og kennarar)</li> <li>• Úrlausn erfiðra agamála er sameiginlegt verkefni stjórnenda og umsjónarkennara. Virk aðgerðaáætlun þarf að liggja fyrir m.a. með aðkomu foreldra (stjórnendur og umsjónarkennarar)</li> <li>• Umgengnis og skólareglum fylgt eftir með átaksverkefnum, s.s. allir með hjálma (allir)</li> <li>• Að nemendur hafi námsefni við hæfi (kennarar)</li> <li>• Nýta hvatningarkerfi fyrir nemendur með hegðunarörðugleika (stjórnendur, námsráðgjafi, umsjónarkennarar)</li> </ul>
<p><b>3. Leggja þarf áherslu á uppbyggingarstarf í námshópum sem forvörn gegn einelti og fylgja betur eftir eineltismálum sem upp koma í samvinnu við foreldra.</b></p>	<p>Að leggja áherslu á uppbyggingarstarf í námshópum sem forvörn gegn einelti.</p> <p>Að fylgja eftir eineltismálum sem upp koma í samráði við áætlun skólans.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Eineltisteymi upplýsi <u>alla</u> starfsmenn um þau mál sem eru í gangi (eineltisteymi)</li> <li>• Eineltisteymi rifji upp ferli eineltismála með starfsmönnum og nemendum (eineltisteymi)</li> <li>• Allir þurfa að geta unnið með öllum. Kennarar stýri nemendum í samstarfi og forðist að ýta undir klíkumyndun (kennarar)</li> <li>• Nemendaviðtöl 2x á ári við hvern nemanda að lágmarki (umsjónarkennarar)</li> </ul>
<p><b>4. Auka þarf hluta mats og endurgjafar til kennara í starfi</b></p>	<p>Skólastjórnendur eru sýnilegir í skólastofum, matsal, göngum og á skólalóð.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stjórnendur taki forfallakennslu eins og þeir hafa svigrúm til. Þeir fá betri tilfinningu fyrir aðstæðum í hverjum bekk. Nemendur fá þá líka tækifæri til að kynnast stjórnendum.</li> </ul>

<b>stjórnenda.</b>	Markvissari endurgjöf til einstakra kennara.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stjórnendur ganga daglega um skólann og fylgjast með skólastarfinu hjá einstökum árgöngum.</li> <li>• Stjórnendur boði komu sína sérstaklega í kennslustundir til kennara og veiti endurgjöf til kennara að kennslustund lokinni (stjórnendur).</li> <li>• Stjórnendur sækja bekkjarfund hjá hverjum árgangi til að ræða við nemendur og svara spurningum (stjórnendur).</li> <li>• Stjórnendur eru sýnilegir í skólanum og matsal (stjórnendur).</li> </ul>
<b>5. Móta þarf stefnu varðandi markmiðssetningu nemenda.</b>	<p>Nemendur setja sér persónuleg markmið og vinni að þeim og meti reglulega.</p> <p>Allar kennsluáætlanir eru aðgengilegar foreldrum á heimasíðu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólinn móti sér stefnu varðandi markmiðssetningu (kennarar og stjórnendur).</li> <li>• Nemendur setji sér persónuleg markmið – kennari og foreldrar aðstoða við leiðir, framkvæmd og mat (kennarar, foreldrar, nemendur).</li> <li>• Kennarar setji fram markmið í upphafi kennslustundar og ræði við nemendur (kennarar).</li> <li>• Skoða hvort að nýr mentor hentar fyrir þessa vinnu eða aðrar leiðir (stjórnendur)</li> </ul>
<b>6. Ánægja með stjórnun er minni en á síðasta ári og undir landsmeðaltali.</b>	Endurskoða stjórnun og stjórnunarferla.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skoða þarf sérstaklega fyrirkomulag á stjórnun á yngsta stigi. Deildarstjóri hafi nægan tíma til að sinna verkefnum (skólastjóri)</li> <li>• Könnun meðal starfsfólk um stjórnun og stjórnunarferla (hópur um innra mat)</li> </ul>
<b>7. Foreldrar í Egilsstaðaskóla telja sig hafa minni áhrif á nám nemenda en almennt</b>	<p>Auka áhrif foreldra á nám barna sinna.</p> <p>Að stuðla að samfelli í heimavinnu milli árganga skólans og að heimavinna sé í</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Endurskoða heimanámsstefnu skólans (kennarar og stjórnendur)</li> <li>• Skoða möguleika á aukinni kynningu á námsefni/viðfangsefnum (kennarar og stjórnendur).</li> <li>• Þarf að vera sýnileg yfirsýn yfir námsmarkmið í hverjum bekk. Setja</li> </ul>

<p><b>gerist. Tæp 68% foreldra telja heimavinnu hæfilega í skólanum. Þessi tala var 74% á síðasta ári. Foreldrar á yngsta og elsta stigi liggja við landsmeðaltal í þessum þætti. Miðstig sker sig úr, aðeins 54% foreldra á miðstigi telja heimavinnu hæfilega.</b></p>	<p>samræmi við heimanámsstefnu</p>	<p>niður hvaða þætti á að þjálfa á hverju stigi (kennarar)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skoða þarf sérstaklega framkvæmd heimavinnu á miðstigi (stigstjóri og kennarar miðstigs)</li> <li>• Lagt til að send séu heim vikuverkefni í 1.-4. bekk m.a. til að auka vitund / áhrif foreldra á nám barna sinna (kennarar yngsta stigs).</li> <li>• Eftirlit og viðbragðsáætlun þegar árgangar ná ekki að ljúka námsefni árgangs (stjórnendur og kennarar)</li> </ul>
--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------